

ÁHERSLUVERKEFNI Norðurlands eystra 2022 (til 2024)¹

Tillögur sendar stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál dags. 2022

Heiti verkefnisins	Veltek þróunarverkefni - Samþætting heilbrigðis- og velferðarþjónustu
Númer verkefnis ²	2022-101
Markmið	Samþætting á heilbrigðis- og velferðarþjónustu við íbúa á svæðinu og stuðla að innleiðingu á nýjum tæknilausnum.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	<p>Verkefnið felur í sér að koma á fót virkum samstarfsvettvangi hagaðila á svæðinu þar sem unnið er að því að samþætta heilbrigðis- og velferðarþjónustu. Makmiðið er að straumlínulaga þjónustuna til hagsbóta bæði fyrir þá sem veita þjónustuna og þá sem njóta hennar. Með því móti má auka gæði þjónustunnar við íbúana á svæðinu þar sem einstaklingurinn er miðpunkturinn í kerfinu og hefur aðgang að samþættri þjónustu. Verkefnið tekur á þeim áskorunum sem eru til úrlausnar og umfjöllunar í norrænum og evrópskum aðgerðaráætlunum.</p> <p>Verkefnið felur í sér eftirfarandi verkþætti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Vinnustofa með hagaðilum • Aðstoð við greiningar á nýjum lausnum • Reynslu af innleiðingu nýrra lausna miðlað innan svæðis • Samstarf yfir landamæri þar sem þekkingu og reynslu utan svæðis er miðlað inn á svæðið. Veltek er nú þegar aðili að evrópskum tengslatorgum sem fjalla um áskoranir, nýjar nálganir og lausnir í heilbrigðis- og velferðarþjónustu. Má þar t.d. tengslatorgið: The innovation network for scaling active and healthy ageing (IN-4-AHA). • Könnun á fjármögnunarmöguleikum í gegnum samstarf yfir landamæri. Þessi verkþáttur er unnin í samstarfi við danskan ráðgjafa en verkþátturinn er þegar hafinn. <p>Verkefnið sem er klasasamstarf og þekkingarvettvangur, fellur vel að Heilbrigðisstefnu til ársins 2030 og Drögum að stefnu um heilbrigðisþjónustu við eldra fólk en báðar þessar stefnur endurspeglast í nýútgefnum stjórnarsáttmála. Verkefnið sem nú er sótt um er framhald verkefnisins „Undirbúningur að stofnun Velferðartæknimiðstöðvar“ (verkefnisnúmer 2021-1) sem hlaut styrk sem áhersluverkefni úr Sóknaráætlun SSNE árið 2021 og jafnframt Lóu nýsköpunarstyrk árið 2021 undir verkefnisheitinu „Heilbrigðis- og velferðartækniklasi Norðurlands (Veltek)“. Veltek klasinn hefur verið stofnaður og starfsemi hans er hafin og nú sækir klasinn um fjármagn til að ýta úr vör sínu fyrsta þróunarverkefni.</p>
Málaflokkur (tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir.)	Heilbrigðisþjónusta, heyrir undir Heilbrigðisráðuneyti. Félags- og fjölskyldumál, heyrir undir Félagsmálaráðuneyti Nýsköpun, heyrir undir Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Byggðamál, heyrir undir Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

¹ Landshlutunum er í sjálfsvald sett til hvers langs tíma áhersluverkefni ná. Náí þau til lengri tíma en eins árs þá eru settir fram fyrirvarar um samþykkt fjárlaga hvers árs.

² Æskilegt er að verkefni beri raðnúmer sem helst óbreytt sé verkefnið framlengt eða að heiti þess breytist. Með því móti verði hægt að rekja feril einstakra verkefna frá ári til árs.

Framkvæmdaaðili	Veltek
Samstarfsaðilar	Verkefnið er unnið í klasasamstarfi þar sem lykilþátttakendur eru; Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Öldrunarheimili Akureyrar, Sjúkrahúsið á Akureyri, Háskólinn á Akureyri og sveitarfélögin á svæðinu (SSNE). Aðrir aðilar sem að verkefninu geta komið á mismunandi stigum þess eru; önnur landshlutasamtök, ráðuneyti, norrænir samstarfsklasar og einstaka stofnanir innan þeirra. Einnig hefur verið óskað eftir samstarfi við SSNV.
Tengsl við sóknaráætlun	Eitt af markmiðum Sóknaráætlunar Norðurlands eystra er að efla fjölbreytt atvinnulíf og stuðla að nýsköpun á svæðinu m.a. með því að stofna og styðja við Velferðartæknimiðstöð og nýsköpun. Önnur markmið sem verkefnið styður við er m.a. að efla tengsl atvinnulífs við Háskólann og sjúkrahús
Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna	Heilsa og vellíðan, undirmarkmið 3.8 Menntun fyrir alla, undirmarkmið 4.4 Góð atvinna og hagvöxtur, undirmarkmið 8.2 Nýsköpun og uppbygging, undirmarkmið 9.1 og 9.5 Aukinn jöfnuður, undirmarkmið 10.2 Sjálfbærar borgir og samfélög, undirmarkmið 11.a Samvinna um markmiðin, undirmarkmið 17.17
Árangursmælikvarðar	Vinnustofa haldin með hagaðilum, starfandi er virkur samstarfsvettvangur um verkefnið og umsókn í norræna eða evrópska áætlun um fjármögnun til verkefnisins hefur verið skrifuð. Með verkefninu verður til skapalón sem lýsir þróunar- og innleiðingarferli nýsköpunarlausna sem yfirfæra má og nýta á sveitarfélögum á svæðinu.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Virkur samstarfs- og þekkingarvettvangur til staðar þar sem aðilar vinna að samþættingu heilbrigðis- og velferðarþjónustu og innleiðingu nýrra tæknilausna. Virk tengsl vettvangs eru innan svæðis og yfir landamæri þar sem þekkingu og reynslu er miðlað.
Upphaf og lok verkefnis	Þei verkþættir sem liggja til grundvallar umsókn þessari ná yfir 12 mánaða tímabil. Undirbúningur að verkefninu er þegar hafinn.
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	Heildarkostnaður yfir verkefnatíma er áætlaður kr. 18.000.000,- Gert er ráð fyrir að sækja um styrk til verkefnisins í gegnum Lóu - nýsköpunarstyrki fyrir landsbyggðina. Ennfremur er hafinn vinna við að kanna fjármögnunarmöguleika í gegnum samstarf yfir landamæri og er þá sérstaklega horft til samstarfsaðila í dreifðum byggðum á Norðurlöndunum en einnig annars staðar í Evrópu.
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2022 og á hverju ári eftir það, ef við á)	Kr. 7.000.000, -
Mótframlag (ef við á)	11.000.000.-
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Heilbrigðisstefna – stefna fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030. Stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024, sérstaklega aðgerðir A4 og A5 Stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Stefna í þjónustu við eldra fólk frá 2021